

Stefna Hugvísindasviðs 2013-2018

Staða, hlutverk og gildi

Hugvísindasvið Háskóla Íslands er meginsetur hugvísinda á Íslandi og hefur ríkar skyldur við íslenska menningu, samfélag og þjóðlíf. Þessi ábyrgð tekur ekki einvörðungu til innlendrar vísindastarfsemi og umræðu sem henni tengist, því að sviðið er jafnframt útvörður og fulltrúi íslenskra hugvísinda í erlendu fræðasamhengi og alþjóðlegri samvinnu. Í störfum sviðsins er hlúð að margvíslegum og gagnkvæmum fræðastraumum milli Íslands og annarra landa en jafnframt er áhersla lögð á frjóa samvinnu við aðra aðila í íslensku vísindastarfi og menningarlífi.

Hugvísindasvið er eitt fimm fræðasviða Háskóla Íslands og tekur í starfi sínu mið af *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016*. Sviðið heldur í heiðri grunnildi skólans sem í stefnu hans eru felld undir hugtökin *akademískt frelsi, samfélagslega ábyrgð, sjálfstæði og ráðdeild* í rekstri, *fjölbreytni og árangur* í kennslu og rannsóknum, *heilindi og virðingu* í vinnubrögðum og samskiptum, og síðast en ekki síst *jafnrétti og fjölbreytileika*. Um þennan síðasta lið segir: „Háskóli Íslands leggur áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti á öllum sviðum starfseminnar. Háskóli vill ávallt vera í fararbroddi í jafnréttismálum.“ Jafnrétti og lýðræði eru grunnþættir í starfi Hugvísindasviðs og eru þar samofnir gagnrýninni hugsun og umræðu, menningarlæsi og félagslegri jafnt sem fræðilegri víðsýni.

Nám/kennsla

Háskólanám á grunnstigi hugvísinda býr annars vegar yfir almennu gildi sem grundvallast á víðtækum skírskotunum til tungumála, bókmennta og annarra listgreina, sögu, trúarbragða, heimspeki og menningarlífs, en hins vegar felur það í sér sérhæfða þekkingu innan hvorrar fræðigreinar, þekkingu sem er jafnframt grundvöllur framhaldsnáms. Samfélagslegt gildi hugvísinda er háð því að þessi tvö hlutverk grunnnámsins rofni ekki hvort frá öðru. Grunnnámið mótast stöðugt af nýjum rannsóknum og nýrri fræðilegri þekkingu en það er jafnframt tengt samfélagslegri umræðu nánnum böndum. Þeirri miðlun, umræðu og þjálfun sem á sér stað í grunnnáminu er ætlað að efla gagnrýna vitund, orðræðu og fræðslu um margvísleg málefni samfélagsins. Hugvísindasvið mun á næstunni, eins og kveðið er á um í stefnu Háskóla Íslands, setja sér markmið og skilgreina leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, en undirbúningsvinna vegna þessarar samþættingar í skólanum öllum fer jafnframt fram innan vébanda Hugvísindasviðs.

Með kennslu til BA-prófs er því ekki aðeins lagður grunnur að akademískum vinnubrögðum og þekkingarleit, heldur er þetta nám vinnusmiðja sem nýtist háskólanum með beinum og óbeinum hætti þegar hann vill leggja eitthvað til málanna í umhverfi sínu, miðla og fræða með tungutaki sem nær út fyrir sérhæfðan samræðuhóp. En eigi að brýna gagnrýna hugsun í námi og nútímasamfélagi, og efla sjálfstæði í vinnubrögðum – sem skilar sér einnig þegar út í framhaldsnám er komið – er mikilvægt að nemendur séu virkir þátttakendur í náminu en ekki einungis viðtakendur í kennslustundum. Kennarar á Hugvísindasviði hafa á liðnum árum leitast við að auka fjölbreytni í kennsluháttum og sviðið stefnir að enn markvissara starfi í þá veru á komandi tíð. Ekki er hins vegar launungarmál að það er þessari stefnu fjötur um fót að fjárframlög til flestra greina hug- og félagsvísinda við Háskóla Íslands eru umtalsvert lægri en

til annarra fræðasviða og byggjast á úreltum hugmyndum um kennsluhætti sem takmarkast að miklu eða öllu leyti við fyrirlestrahald kennara.

Það hefur um langt skeið verið baráttumál hugvísindafólks að reikniflokkakerfi háskólanáms verði endurskoðað. Lægsti reikniflokkurinn hefur aukist örlítið að verðgildi síðustu tvö árin (í fjárveitingum fyrir 2013 og 2014) og árlega fer nokkur aukafjárveiting til fámennra og þjóðlegra greina. En langtum betur má ef fjárframlög eiga að skapa rúm fyrir gagnvirka æfingakennslu og umræðutíma, sem og uppbyggingu lifandi kennsluefnis á netinu, auk fyrirlestra kennara. Langflestir kennarar vilja fá svigrúm til að virkja nemendur betur og á sem fjölbreytilegastan hátt og þetta á við um allar kennslugreinar. Verst er þegar ekki er komið til móts við *greinar sem geta ekki þrífist án æfingakennslu og/eða starfsþjálfunar* og er þá sérstaklega átt við ýmiskonar hagnýtt nám á sviðinu sem og ritlist, og svo alla tungumálakennsluna, bæði í íslensku sem öðru máli og í Deild erlendra tungumála. Þetta veldur því að það er í reynd ógerlegt að reka sumar greinar á Hugvísindasviði samkvæmt reiknilíkani Háskóla Íslands. Hvað á að gera ef námsleiðin telst mikilvæg á akademískum, menningarlegum og samfélagslegum forsendum, en hún er annaðhvort fámenn eða krefst aukalegrar æfingakennslu, jafnvel í smærri hópum? Forsvarsfólk Hugvísindasviðs mun á komandi misserum berjast áfram fyrir því að lægsti reikniflokkur verði hækkaður og færður hlutfallslega nær öðrum reikniflokkum og að vissar námsgreinar verði færðar upp um flokk. Á það sérstaklega við um allt málanám á BA-stigi og hagnýtt nám á MA-stigi. Jafnframt verður leitast við að koma til móts við þarfir greina fyrir sérhæfða kennsluáðstöðu. Ef senn verður af áformuðum byggingum Vigdísarstofnunar og Húss íslenskra fræða ætti til dæmis að vera hægt að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta aðstöðu fyrir gagnvirka tungumálakennslu.

Ýmsar greinar á Hugvísindasviði munu sem fyrir bjóða upp á svokölluð M-námskeið sem ætluð eru í senn meistaranemum og þeim sem komnir eru langt í grunnnámi. Skörun grunnnáms og meistaranáms getur mætt þörf fyrir námsframboð og í sumum tilvikum er eðlilegt að meistaranemar geti nýtt grunnnámskeið, t.d. þannig að þeir vinni þar sérstök verkefni eða þá að þeir sækji grunnnámskeið í tengslum við einstaklingsverkefni á meistarastigi um tengt efni. En hvað sem líður gagnsemi slíkrar skörunar, verður að tryggja sérstöðu meistaranámsins og gæta þeirra auknu krafna sem gerðar eru á því námsstigi. Á það bæði við um fræðilegt nám er liggur til grundvallar hinna hefðbundnu MA-gráðu, sem myndar grundvöll sjálfstæðra rannsóknastarfa og er einnig undanfari doktorsnáms, og um hagnýtt nám sem felst öðrum þræði í starfsþjálfun.

Hagnýtt framhaldsnám á sér allanga sögu innan hugvísinda í Háskóla Íslands, ekki síst í menntun framhaldsskólakennara, presta og djákna, og á liðnum árum hafa bæst við nýjar námsleiðir: hagnýt menningarmiðlun, hagnýt ritstjórn og útgáfa, nytjapýðingar, ráðstefnutúlkun og hagnýt fornleifafræði – og meistaranámið í ritlist sameinar hagnýta ritfærni og listræna tjáningu. Hagnýtar námsleiðir á meistarastigi tengjast ýmsum starfsvettvangi utan skólans og lykilþættir alls meistaranáms dýpka áður nefnd samfélagstengsl grunnnámsins við almenna menntun og menningarlíf. Innbyrðis samband fræðilegra og hagnýtra (og stundum einnig listrænna) þátta í meistaranámi skapar möguleika sem huga þarf nánar að á næstu árum: Þeir geta falist í samstarfi við aðra aðila, innan eða utan Háskóla Íslands, og þessi tengsl geta einnig beinlínis verið rannsóknarefni.

Þeim háskólanemum fjölgar stöðugt sem ekki láta staðar numið að loknu bakkalárnámi heldur líta á meistarafráðu sem megináfanga skólagöngu sinnar. Hugvísindasvið mun hlúa eftir megni að meistaranáminu og tryggja viðgang þess á komandi árum. Þótt það sé fámenn í

mörgum greinum, og því erfitt að halda því úti við áðurnefnd fjárhagsskilyrði sviðsins, er þetta námsstig lykll í starfsmenntun margra og það myndar undirstöðu í allri rannsóknþjálfun. Áhersla verður lögð á gildi meistaragráðunnar, m.a. með því að gera nemum kleift að koma lokaverkefnum sínum betur á framfæri en raunin hefur verið til þessa.

Í stefnu Háskóla Íslands er kveðið á um samþættingu kennslu og rannsókna. Í meistaránámi á Hugvísindasviði má efla þessa samþættingu með því að liðka fyrir vaxandi þátttöku meistaránema í rannsóknaverkefnum, stundum í hlutverki aðstoðarmanna en einnig með þeim hætti að ákveðin einstaklingsverkefni þeirra tengist rannsóknum er kennarar vinna að eða myndi jafnvel þátt í stærra rannsóknaverkefni sem fleiri standa að. Slík verkefni nemenda geta að vissu marki vegið á móti takmörkuðu framboði námskeiða á meistarastigi. Einnig þarf að huga að því að nemendur í BA-námi öðlist virka innsýn í rannsóknafæri, m.a. í spurningar, forsendur, leiðarhnoð og afmarkanir í rannsóknum sem kennarar þeirra hafa fengist við eða glíma við á líðandi stund. Jafnframt þarf að leggja áherslu á það hvernig margvíslegt annað fræðilegt efni, sem nemendur kynnast, er í reynd afurð rannsóknavinnu og gagnrýnnar samræðu við verk annarra.

Hugvísindasvið tekur á móti fleiri erlendum nemendum en önnur svið Háskóla Íslands, og margir nemendur Hugvísindasviðs taka hluta af námi sínu erlendis (auk þess sem nokkuð er um kennaraskipti milli HÍ og erlendra háskóla). Á næstu misserum verður hugað sérstaklega að því hvort sviðið nýti sér samninga við erlenda háskóla með nógu skipulögðum hætti og þá ekki síst hvort markvissara samstarf einstakra námsgreina við erlenda skóla geti orðið til að efla námsleiðir, eins og raunin hefur verið í japönsku og kínversku. Það er lykilatriði fyrir orðspor Háskóla Íslands að hann taki vel á móti erlendum nemendum. Stefnt er að því að fara vandlega yfir þau mál á næstu misserum. Sérstakur starfsmaður á skrifstofu sinnir alþjóðamálum sviðsins en kanna þarf hvort kennarar og íslenskir nemendur geti lagt meira af mörkum við að skapa jákvætt umhverfi fyrir þessa gesti okkar. En jafnframt verður kannað hvort ekki megi láta námið njóta vaxandi fjölmenningar og fjöltyngis á sviðinu, m.a. með samvinnu nemenda sem koma með ólík móturmál úr ólíkum heimahögum.

Á undanförunum misserum hefur talsvert verið um það rætt hvort auka mætti samstarf sviðsins við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, í tengslum við námskeið á bæði grunnstigi og meistarastigi, ekki síst til að styrkja rekstrargrundvöll einstakra námskeiða og námsleiða en einnig til að opna jákvæða gátt út í samfélagið. Endurmenntunarstjóri hefur lýst yfir áhuga á auknu samstarfi við Hugvísindasvið. Fyrir áramót 2013 mun sviðsforseti skipa nefnd fimm einstaklinga, eins kennara úr hverri deild auk kennslustjóra, sem verður falið að kanna möguleika sem felast í þessu samstarfi.

Rannsóknir og doktorsnám

Doktorsnemum í hugvísindum hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum. Á árinu 2014 munu deildir kortleggja feril og stöðu doktorsnema sinna og meta rækilega forsendur þess að taka við nýjum nemum í doktorsnám. Brýnt er að hlúa að doktorsnáminu, huga að fjármögnun þess og námsaðstæðum doktorsnema. Þótt meginvinna doktorsnema beinist að doktorsritgerð þurfa kennarar og stjórnendur í greinum og námbrautum að styðja við almenna akademíska þjálfun þeirra. Er þá átt við þátttöku doktorsnema í rannsóknahópum eða vinnu þeirra með einstökum kennurum að afmörkuðum rannsóknaverkum, en ekki hefur verið mikið um beina

samvinnu af slíku tagi á sviðinu. Einnig er mikilvægt að doktorsnemar fái tækifæri til að kenna, ef ekki heil námskeið þá a.m.k. hluta af námskeiðum sem eru í umsjá fastra kennara, og eins geta þeir tekið að sér leiðbeiningu lokaverkefna í BA-námi. Jafnframt þarf að kanna hvort doktorsnemar geti komið að starfsemi rannsóknastofnana sviðsins í meira mæli en þeir hafa gert til þessa.

Doktorsnemar leika mikilvægt hlutverk við uppbyggingu og endurnýjun rannsóknarumhverfis. Líta ber á þá sem hluta af starfsliði greina og deilda og þeir verða kynntir sem slíkir á vef sviðsins. Hið sama á að sjálfsgöðu við um nýdoktora. Tryggja þarf að nýdoktorar séu viðurkenndir sem tímabundnir akademískir starfsmenn deilda og huga þarf vel að skilgreiningu starfsskyldna þeirra hverju sinni sem og að því hvort og hvernig þeir geta komið að kennslu og leiðbeiningu lokaverkefna. Þegar Vigdísarstofnun og Hús íslenskra fræða hafa risið af grunni verður leitast við að útvega doktorsnemum og nýdoktorum vinnuaðstöðu sem næst kennurum í hlutaðeigandi fræðageira.

Rannsóknþjónusta sviðsins (á vegum Hugvísindastofnunar) hefur eflst á undanförunum árum og umsvif hennar aukist, m.a. með fjölgun umsókna í rannsóknasjóði og fjölgun alþjóðlegra ráðstefna sem kennarar og stofnanir sviðsins standa fyrir. Ekki stendur til að fjölga starfsfólki á skrifstofu vegna aukins álags, heldur verður reynt að kaupa viðbótarþjónustu þegar mest þarf á að halda. Akademískir starfsmenn Hugvísindasviðs hafa flestir verið ötulir við að birta rannsóknaverk sín á ritrýndum vettvangi, ýmist á íslensku eða erlendum málum (einkum ensku). Birtingar í alþjóðlegu samhengi eru mikilvægar og stuðningur við birtingar á kröfuhörðum erlendum vettvangi verður aukinn, m.a. með „meðlagsstyrkjum“ þar sem þeirra er krafist og stuðningi við frágang handrita. En Hugvísindasvið gegnir einnig og mun áfram gegna mjög mikilvægu hlutverki sem vettvangur fræðimennsku á íslensku.

Hugvísindasvið er vettvangur margvíslegrar þverþjóðlegrar og þverfræðilegrar starfsemi sem mun setja sterkan svip á sviðið á komandi árum. Sumar af stofnunum sviðsins hafa eflt mjög alþjóðlegt samstarf í kennslu, og má þar sérstaklega nefna Konfúsíusarstofnunina Norðurljós, sem er hlekkur í mikilli keðju hliðstæðra stofnana um allan heim, og alþjóðlega jafnréttisskólann, sem verður senn gerður að sérstakri námsbraut á Hugvísindasviði en hann er nú orðinn einn af skólum Sameinuðu þjóðanna og verður í nánú samstarfi við þrjá aðra skóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Rekstur jafnréttisskólinn byggir á umtalsverðu þverfaglegu samstarfi innanlands og á alþjóðlegu samstarfi við sérfræðinga og stofnanir. Hið sama á við um RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, EDDU – öndvegissetur og Siðfræðistofnun. Og er þá enn ógetið sex grunnstofnana sviðsins á vettvangi rannsókna – Bókmennta- og listfræðastofnunar, Guðfræðistofnunar, Heimspekistofnunar, Málvísindastofnunar, Sagnfræðistofnunar og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum – og einstakra stofa sem heyra undir þær eða beint undir Hugvísindastofnun. Sumar stofnunar eru í virku sambandi við erlenda fræðimenn og þær skapa einnig tengsl á milli fræðimanna úr tveimur eða fleiri grunnstofnunum, en þær síðarnefndu geta einnig verið vettvangur þverfræðilegs samstarfs, eins og sjá má á hinu stóra Lúthersverkefni sem Guðfræðistofnun hefur skipulagt. Með tilurð alþjóðlegs tungumálaseturs á Hugvísindasviði, Vigdísarstofnunar, sem einnig mun starfa undir merkjum UNESCO, munu skapast ýmis tækifæri í kennslu jafnt sem rannsóknum. Auk þess má geta að nýr samningur Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum mun efla samstarf þessara aðila, en Árnastofnun hefur m.a. tekið virkan þátt í markvissri eflingu miðaldafræða, sem Hugvísindasvið gerði að forgangsverkefni fyrir fjórum árum og verður áfram í brennidepli,

ekki síst á vegum Miðaldastofu. Nú er einnig unnið að nýjum samstarfsamningum við bæði Þjóðminjasafnið og Þjóðskjalasafnið og stefnt að því að ganga frá þeim á árinu 2014.

Það er deginum ljósara að stofnanaflóra Hugvísindasviðs er ríkuleg sem og tengsl þess út á við. Þetta kallar á gott skipulag allra aðila, svo að kröftum sé ekki dreift um of. Fyrst og fremst er þessi flóra þó birtingarmynd mikilla möguleika sem eflt geta bæði rannsóknir og kennslustarf á sviðinu. Rannsóknavinna auðgar kennslu en kennslan getur einnig verið hvati rannsókna, eins og sjá má af nýlegum dæmum á vettvangi kennslu erlendra mála og kennslu íslensku sem annars máls. En sú sköpun sem felst í rannsóknum er ekki aðeins tengd kennslu heldur á hún einnig landamæri að margvíslegri annarri sköpun, svo sem í miðlun, ritstjórn, þýðingum, ritlist og annarri listsköpun en einnig margvíslegri starfsþjálfun. Þess er að vænta að á Hugvísindasviði verði mikilvæg athafnasemi á öllum þessum landamærum á komandi árum.

Á næstu árum mun það þverfræðilega umhverfi sem hefur verið að mótask á Hugvísindasviði skapa viðspyrnu til sóknar eftir alþjóðlegum styrkjum og til aukins samstarfs við innlenda sem erlenda aðila. Stefnt skal að því að árangur af þeim hræringum skili sér m.a. í bættum aðbúnaði og rannsóknakostum í meistara- og doktorsnámi sem og auknu svigrúmi til ráðningar nýdoktora.

Þjónusta, fræðslustörf og samfélagstengsl

Í Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 segir: „Fræðimenn háskólans eru virkir þátttakendur í opinberri umræðu og stuðla að uppbyggingu íslensks samfélags í krafti sérþekkingar sinnar.“ Eins og vikið er að hér að framan eru viðfangsefni hugvísindafólks nátengd ýmsum flötum samfélagsumræðunnar og kennarar Hugvísindasviðs geta lagt mikið af mörkum á vettvangi fjölmiðla en einnig með fyrirlestrum fyrir almenning eða fagfélög, skipulagningu viðburða eða þátttöku í annarskonar samfélagslegri starfsemi sem háskólamenn eru gjarnan beðnir að taka þátt í vegna fagkunnáttu sinnar. Í ljósi þess að vinnumatskerfi HÍ brýnir kennara mjög til birtingar ritrýndra rannsóknaverka, mun Hugvísindasvið hvetja til þess að innan Háskóla Íslands verði akademískum starfsmönnum einnig umbunað betur en nú er gert fyrir samfélagslegt framlag af áður nefndu tagi, sé það ekki gert af öðrum aðilum. Á hinn bóginn má einnig horfa til þess að slík fræðsla, miðlun og þátttaka í opinberri umræðu er iðulega tengd starfinu í skólanum, þ.e. kennarar koma á almennt framfæri ýmsu sem þeir hafa fengist við í kennslu og rannsóknum og skrifað um á vísindalegum vettvangi. Þessháttar miðlun er til þess fallin að skerpa almennan skilning á mikilvægi þess vísindastarfs sem fram fer í háskólanum og auðgar það menningarumhverfi sem háskólinn er hluti af og þrífst á. Nokkuð hefur verið um að nemendur skólans taki beinan þátt í slíkri fræðslu og miðlun og er brýnt að styðja slíkt framtak með ráðum og dáð.

Stjórnun og stjórnsýslustörf

Þótt stjórnsýslan á Hugvísindasviði sé faliðaðri en á öðrum fræðasviðum skólans hefur skrifstofu- og rannsóknþjónusta færst í aukana á liðnum árum og stjórnsýslufólk hefur leitast við að létta af kennurum ýmsum verkum sem teljast til almennrar stjórnunar vegna kennslu og rannsókna. Jafnframt hafa verkefnastjórar skrifstofunnar sinnt ýmsum störfum fyrir þá kennara sem tekið hafa að sér sérstök stjórnunarstörf og eru í forsvari fyrir greinar,

námsbrautir, deildir og fastanefndir. Í ljósi þess að nú hafa allir verkefnastjórar deilda öðlast verulega starfsreynslu er stefnt að því að auka þátt þeirra í vinnu að kennsluskrá sviðsins, í samvinnu við rekstrarstjóra.

Á vormisseri 2014 verður lokið við endurskoðun fyrri lýsingar á störfum stjórnslufólks og verður nýja lýsingin sett á vef sviðsins en einnig send öllum kennurum, þannig að hver og einn þeirra geti í svipsýn áttað sig á viðfangsefnum hvers og eins starfsmanns skrifstofunnar. Jafnframt er stefnt að því að koma upp bættu yfirliti um verkferla ýmissa mála á sviðinu (sjá einnig eftirfarandi kafla um vefmál og miðlun). Mikilvægt er að kennarar hafi skýra hugmynd um þau störf sem unnin eru á skrifstofu sviðsins, en starfsfólk skrifstofunnar gegnir lykilhlutverki í margskonar samskiptum við jafnt kennara, nemendur sem og starfsfólk á skrifstofum annarra fræðasviða og í miðlægri stjórnslu. Ástæða er til að undirstrika að kennarar og stjórnslufólk Háskóla Íslands eru kollegar sem vinna að sameiginlegum markmiðum og samskipti þeirra eiga að einkennast af gagnkvæmri virðingu. Þetta á vitaskuld einnig við um samskipti þessara hópa og nemenda, sem gegna einnig sínum störfum á þessum vinnustað og treysta á liðsinni jafnt kennara sem stjórnslufólks. Á undanförunum misserum hefur hagsmunafélag nemenda á Hugvísindasviði, Veritas, unnið að því að efla þátttöku nemenda í stjórnun hvarvetna á sviðinu, og hið nýja sviðsráð hugvísindanema (sem er hluti af Stúdentaráði) leggur einnig áherslu á virka stjórnunarþátttöku nemenda. Stjórn sviðsins hefur eindregið stutt þessa viðleitni.

Vefmál, miðlun og kynningarstarf

Ytri og innri vefir Háskóla Íslands hafa tekið ýmsum breytingum á síðustu misserum og eru í stöðugri þróun. Vefir Hugvísindasviðs koma oftast til umræðu þegar fólk rekst á einhverja annmarka og þótt reynt hafi verið að koma til móts við ýmsa gagnrýni, er ljóst að enn má bæta vefi sviðsins, bæði einstaka efnisþætti og skilvirkni í upplýsingamiðlun. Árin 2014-2015 verður lögð mikil áhersla á að efla vefmiðlun sviðsins og þá ekki síst með því að bæta úr skorti á upplýsingagjöf á ensku. Í sumum atriðum er hægt að vinna þetta í samstarfi við önnur fræðasvið skólans en Hugvísindasvið mun einnig láta þýða ýmsar reglur og leiðbeiningar á ensku. Mikilvægt er að allt starfsfólk sviðsins sé vakandi fyrir því sem betur má fara í vefmálum sviðsins og komi ábendingum skilmerkilega til vef- og kynningarstjóra.

Á síðustu misserum hefur sviðið fjármagnað gerð stuttmynda þar sem einstakar námsgreinar sviðsins eru kynntar. Þessar myndir eru á netinu og eru vitaskuld hentugt kynningarefni. Stjórn sviðsins er opin fyrir frekari hugmyndum um námskynningu og hvetur kennara til að koma þeim á framfæri við sviðsforseta og kynningar- og vefstjóra.

Enn vantar verulega upp á að allir kennarar hafi birt á vef skólans (og/eða á eigin vefjum innan vébanda skólans) skýra mynd af störfum sínum, jafnt við kennslu, rannsóknir og stjórnun sem og önnur störf sem tengjast sérsviði þeirra við skólann. Háskóli Íslands er stofnun sem rekin er fyrir almannafé og nauðsynlegt er að skólinn veiti greiðan aðgang að þessum upplýsingum. Stjórn sviðsins mun beita sér fyrir því að úr þessu verði bætt á árinu 2014.

Fram hafa komið tillögur um að sviðið móti stefnu um rafræn gagnasöfn og um netútgáfur, auk þess sem umræðan um opinn aðgang að rannsóknaverkum er mjög á döfnni á sviðinu eins og í skólanum öllum. Þessi mál eru á umræðuskrá sviðsstjórnar og mun hún leita

ráðgjafar um þau bæði innan og utan sviðsins og jafnframt verður tekið mið af stefnu skólans og aðgerðum á hans vegum.

Vefriti Hugvísindasviðs, Hugrás, hefur verið haldið úti í nokkur ár. Þar hefur birst mikið af prýðisgóðu efni eftir ýmsa starfsmenn sviðsins, þótt þátttaka þeirra hafi ekki orðið eins almenn og vonir stóðu upphaflega til. Vefritið hefur einnig verið mikilvægur vettvangur framhaldsnema á sviðinu. Vafalaust má spyrja hvort rétt sé að sviðið verji starfsorku í viðgang sérstaks vefrits, í ljósi þeirrar umræðuflóru sem íslenskir vefmiðlar bjóða upp á. Stjórn sviðsins mun á næstu mánuðum kanna viðhorf starfsmanna til Hugrásar og efna til umræðu um framtíð vefritsins.

Málstefna

Í málstefnu Háskóla Íslands segir að hún hafi að leiðarljósi „að talmál og ritmál Háskólans er íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknnum sem stjórnvísu. Þetta felur m.a. í sér að kennsla og próf til fyrstu háskólagráðu fara að mestu fram á íslensku. Víkja má frá þessari meginreglu ef sérstök ástæða er til, svo sem við kennslu í erlendum tungumálum, ef kennari er erlendur eða kennsla er einnig ætluð útlendingum. Rannsóknnum og framhaldsnámi fylgja erlend samskipti og fleiri mál en íslenska eru notuð í því starfi, einkum enska. Meginkennslumál í framhaldsnámi er þó íslenska, eftir því sem við verður komið. Háskólinn vill stuðla að því að gera kennurum, sérfræðingum og nemendum kleift að tala og skrifa um öll vísindi á íslensku og gera þau jafnframt aðgengileg almenningi eins og kostur er.“

Hugvísindasvið leggur áherslu á að þessari stefnu sé framfylgt, enda ber sviðið sérstaka ábyrgð í málefnum íslensku og erlendra tungumála. Hugvísindasvið verður að vera til fyrirmyndar um viðgang fræðilegrar kennslu og rannsókna á íslensku og þar með fræðilegra skrifa og umræðu. Á árinu 2013 var komið upp ritverki á Hugvísindasviði og er það þáttur í þessari viðleitni. Fræðastörf á íslensku tengjast vitaskuld öllum aðstæðum tungumálsins og þær breytast ört um þessar mundir, ekki síst vegna tækniframfara. Tæki eru í vaxandi mæli farvegur málsins og þetta kallar á umtalsverð viðbrögð á sviði *máltækni*, sem er mikilvægur framtíðarþáttur í íslensku sem námsgrein á háskólastigi.

Þótt kennsla við Háskóla Íslands fari að mestu fram á íslensku, einkennist hún mjög af málsambýli íslensku og erlendra mála í kennslu og rannsóknnum. Þar er enska í lykilhlutverki alþjóðlega, en afar mikilvægt er að hvorki Háskóli Íslands né íslenskt menntakerfi almennt festist ekki í tveggja mála kerfi (þar sem íslenska er heimamál og ensku notuð í öllu alþjóðlegu samhengi). Einnig verður að leggja dygga rækt við þau tungumál önnur sem mestu skipta í samskiptum Íslands við umheiminn. Hugvísindasvið sinnir almennt þjónustu á þessu sviði fyrir alla kennara og nemendur HÍ – þ.e. í Tungumálamiðstöðinni.

Mikilvægt er að sem flestir akademískir starfsmenn Hugvísindasviðs komi niðurstöðum rannsókna sinna á framfæri bæði á íslensku og erlendum málum. Lögð verður áhersla á að veita erlendum kennurum á Hugvísindasviði stuðning við að koma verkum sínum á framfæri á íslensku.

Starfsmannamál

Drjúgur hluti af kennslu á Hugvísindasviði er í höndum stundakennara. Þeir bera oft en ekki fulla ábyrgð á einstöku námskeiðum en kjör þeirra eru slæm og er orðið mjög brýnt að bæta þau. Leita þarf allra leiða til að umbunað verði fyrir kennsluframlag stundakennara, er bera slíka ábyrgð, með hliðsjón af launum aðjunks 2 (án stjórnunarþáttar). Slíkt er vitaskuld háð því að þeir uppfylli ákveðin skilyrði um menntun og akademíska reynslu. Brýnt er að fá ávallt gildan vitnisburð um menntun stundakennara áður en þeir hefja störf, rétt eins og á við um fastráðna kennara.

Á Hugvísindasviði starfar ekki sérstakur starfsmannastjóri. Æskilegt er að svo væri og stefnt er að því að bæta úr þeirri þörf á næstu árum. Rekstrarstjóri sviðsins sinnir vissum starfsmannamálum en sviðsforseti öðrum, með aðstoð annars starfsfólks á skrifstofunni og í samráði við deildarforseta. Sviðsforseti hefur tekið að sér starfsmannasamtöl við akademíska starfsmenn sviðsins en rekstrarstjóri annast þau í stjórnslunni.

Þótt Hugvísindasvið hafi ekki yfirlýsta stefnu hvað varðar ráðningar nýrra akademískra starfsmann (umfram þær almennu kröfur sem gerðar eru um nám og starfsreynslu) hefur stjórn sviðsins tekið mið af eftirtöldum þáttum við ákvarðanir um auglýsingu nýrra starfa á liðnum misserum: hlutfalli kennara og nemenda í námsgreinum, fyrirsjáanlegum starfslokum á allra næstu misserum og fjárhagsstöðu greina/námsbrauta skv. reiknilíkani Háskóla Íslands. Einnig hefur verið horft til þess að standi þurfi vörð um þær greinar sem sérstaklega marka sérstöðu Hugvísindasviðs sem eina vettvang sinnar tegundar við íslenska háskóla. Allir þessir þættir verða áfram hafðir til viðmiðunar á næstu árum. Á sviðinu hefur á liðnum árum verið lögð áhersla á eflingu miðaldafræða og verður því starfi fylgt eftir á komandi árum.

Meðalaldur akademískra starfsmanna Hugvísindasvið hefur hækkað ört hin síðari ár, enda hefur verið hlutfallslega lítið um nýráðningar. Á næstu misserum mun stjórn sviðsins sérstaklega huga að því hvernig standa meggi að nýliðun með góða aldursdreifingu akademískra starfsmanna að leiðarljósi. Á hinn bóginn mun sviðsstjórnin einnig fjalla um mál emeríta, þeirra sem lokið hafa formlegum starfsferli sínum en kunna að vilja tengjast áfram rannsóknastörfum (og hugsanlega einnig kennslu) á sviðinu. Kanna þarf hvernig hægt er að koma til móts við þessa kollega, og hvernig sviðið getur notið krafta þeirra, reynslu og þekkingar, hugsanlega á vettvangi rannsóknastofnana sviðsins.

Tryggja þarf að allir starfsmenn sviðsins eigi kost á endurmenntun. Rannsóknaleyfi kennara nýtast auðvitað beint og óbeint sem endurmenntun, en ýmis akademísk og rannsóknatengd námskeið geta nýst kennurum, sem og vitaskuld námskeið um kennsluhætti og kennslutækni. Starfsfólk í stjórnslu þarf að geta sótt reglulega ýmis námskeið sem tengjast störfum þess.

Á árinu 2014 verður gengið frá skýru og markvissu skipulagi viðvirkjandi móttöku nýrra starfsmanna (með sérstöku tilliti til erlendra starfsmanna).